

# Fréttapistill frá forseta Íslands

1. mars 2021

Enn skelfur jörð á Reykjanesskaga. Héðan frá Bessastöðum sést Keilir vel og í nótt fundum við svo sannarlega fyrir enn einum skjálftanum sem átti upptök sín í grennd við það tignarlega fjall. Enn harðari hefur hann þó verið í Grindavík og annars staðar á Suðurnesjum. Ég sendi íbúum þar hlýjar kveðjur og áfram þurfum við að hafa varann á þótt þessi hrina sé vonandi í rénun – hér má sjá upplýsingar um varnir og viðbrögð við jarðskjálftum: <https://www.almannavarnir.is/.../varnir-gegn-jardskjalfta/>

Í gær, við upphaf nýrrar viku, voru þau tímamót að rétt ár var liðið frá því að fyrsta COVID-smitið greindist hér á landi. Fáa óraði þá fyrir þeim hremmingum sem síðan hafa dunið yfir, andlátum og erfiðum veikindum af völdum veirunnar, auk einstæðra aðgerða til að stemma stigu við útbreiðslu hennar. Síðustu misseri höfum við þurft að þola ýmsar hömlur á mannamót, skert ferðafrelsi og aðrar takmarkanir í daglegu lífi sem hafa valdið búsifjum víða, atvinnuleysi og ýmsum þrengingum. Hér á Íslandi getum við þó prísað okkur sæl. Okkur hefur vegnað betur en flestum öðrum í baráttunni við þennan vágast og betri tíð er í sjónmáli. Bólusetning gengur þokkalega og þess má vænta að áfram verði slakað á sóttvörnum eftir því sem aðstæður leyfa.

Við höfum sýnt hvað í okkur býr. Við getum staðið saman þegar á reynir. Við fórum ekki á taugum og við treystum sérfróðu fólki. Við fylgdum upp til hópa leiðbeiningum og tilmælum, ekki vegna hótana stjórnvalda og refsivandar þeirra heldur vegna þess að við vissum að aðrir valkostir voru verri. Fólk komst einfaldlega að skynsamlegri niðurstöðu á eigin forsendum. Margir eiga þakkir skildar fyrir sinn þátt í varnarbaráttu okkar en brýnt er að við sinnum öll áfram okkar eigin sóttvörnum. Í því liggur lausnin.

Samstaða og samkennd skipta líka sköpum, og ekki aðeins andspænis veirufjandanum. Í gær, 28. febrúar, var ár liðið frá því að fyrsta smitið greindist hér eins og áður sagði. Daginn þar á undan, 27. febrúar 2020, tók ég á móti öflugum hópi fólks á vegum Krabbameinsfélagsins sem kom hingað færandi hendi vegna Mottumars sem þá var að hefjast. Hér að neðan fylgir mynd af þeim fríða hópi. Nú er Mottumars hafinn á ný og hvet ég allt fólk til að taka þátt í því átaki til styrktar rannsóknum á krabbameini og vörnum gegn því. Nánari upplýsingar má sjá hér: <https://www.krabb.is/.../fret.../mottumars-er-farinn-af-stad.>

Á fimmtudaginn var tók ég á móti nýjum sendiherra Kanada, Jeannette Menzies, sem afhenti trúnaðarbréf sitt á Bessastöðum. Með í för var maki hennar, Nýsjálendingurinn Gilbert Percy. Bæði eru þau mikið útivistarfólk og gaman er að geta þess að Menzies kom hingað í fyrsta sinn snemma þessarar aldar. Þá hjólaði hún umhverfis landið og naut þess mjög. Sendiherrann nýi er frá Winnipeg og man vel eftir vinum og nágrönnum þar með íslenskar rætur.

Síðar þennan fimmtudag sótti ég formlega opnun Skjólinsins, griðastaðar á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar á neðri hæð Grensáskirkju í Reykjavík. Það er ætlað konum

sem glíma við heimilisleysi, búa við óöruggar aðstæður eða eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi. Unnið er eftir skaðaminnkandi hugmyndafræði og verður starf Skjólans þróað og mótað með þeim konum sem það sækja. Ég flutti stutt ávarp á viðburðinum og sama gerði Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, sem átti frumkvæði að stofnun Skjólans.

Í liðinni viku bárust tveimur frönskum læknum og teymi þeirra þakkarbréf mín. Einnig sendi ég forseta Frakklands bréf, til að vekja athygli hans á þrekvirki þessa einvalaliðs lækna og hjúkrunarfræðinga, sem stóðu að þeirri einstöku aðgerð þegar nýir handleggir voru græddir á Guðmund Felix Grétarsson. Við þekkjum sögu hans vel, slysið undir lok síðustu aldar sem olli því að hann missti báða handleggina og æðrulausa bið hans eftir þeirri aðgerð sem loksins tókst að leggja í nú nýverið í Lyon í Frakklandi. Ég ítreka góðar kveðjur til Guðmundar Felix. Bréfin til læknanna og til Frakklandsforseta má sjá hér: [www.forseti.is/fréttir/2021-03-01-þakkarbréf-til-frakklands/](http://www.forseti.is/fréttir/2021-03-01-þakkarbréf-til-frakklands/)

Fyrir helgi var létt á sóttvörnum þannig að áhorfendur máttu aftur fylgjast með kappleikjum, að vísu með takmörkunum. Ég náði að fylgjast með spennandi viðureignum í körfubolta og handbolta, í Stykkishólmi og á Selfossi. Ég ítreka þakkir til heimamanna á báðum stöðum fyrir gestrisni og góðar móttökur.

Nú er ný vinnuvika hafin. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.